Kapellur og altaristöflur

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

HÖGGMYNDALIST

Samsýning
Opið kl. 10–18 daglega til 24. júlí.
Aðgangur 300 kr.

TILHNEIGINGIN til að skilgreina og skipuleggja er ríkur þáttur í mannlegu eðli og kemur sterkt fram í viðhorfum okkar til þess sem er að gerast í þjóðfélaginu hverju sinni; þannig verður sagan til. Það er eðlilegt að þessi tilhneiging marki myndlistarumræðuna sem önnur svið, en það felst mikil dirfska í því að fylgja henni alla leið, eins og gert er með þessari sýningunni, því þar er verið að setja fram ákveðnar skoðanir um hvað tíminn – og þar með listasagan – muni telja markverðast af þeirri höggmyndalist sem unnin er á Íslandi nú um stundir.

Eitt fyrsta og um leið erfiðasta vandamálið sem menn takast á við þegar þeir eru að skoða og meta myndlist á allri þessari öld er spurningin um orðaval. Á erlendum tungum hefur orðið til drjúgur sjóður orða sem nota má til að greina sundur listastefnur, en minnst af þeim orðaforða (einkum þeim hluta sem hefur orðið til frá lokum síðari heimsstyrjaldar) hefur verið þýtt á íslensku þannig að viðkomandi orð hafi fest rætur í málinu. Vegna þessa hefur listumræða hér oftar en ekki verið æði skotin erlendum málslettum (og þannig óaðgengileg leikmönnum) og þau fáu orð sem hafa hlotið hljómgrunn eru almenns eðlis og skilgreiningar þeirra nokkuð fastmótaðar.

Þannig er um orðið samtímlist; það hefur verið notað sem algilt samheiti yfir alla myndlist á síðari hluta aldarinnar, en hér birtist það sem yfirskrift sýningarinnar í nýrri, þröngri og afar umdeilanlegri merkingu sem heiti yfir þá list sem hópur listafólks á ákveðnum aldri er að fást við nú á fyrri hluta tíunda áratugarins. Málið er hverjum og einum frjálst, en nái þessi merking fótfestu við hlið hinnar eldri er eins líklegt að menn verði að hætta að ræða um samtímalist yfirleitt, vegna mismunandi skilgreininga á hugtakinu og nota önnur (erlend) heiti í staðinn.

Hið sama gildir raunar einnig um undirtitilinn (skúlptúr/skúlptúr/skúlptúr). Þetta alþjóðlega heiti hefur verið þýtt með orðinu höggmynd sem er upphafleg merking orðsins. Á seinni árum hefur ýmsum þótt óhentugt að nota það orð yfir verk sem hvorki eru mótuð eða höggvin á neinn hátt en þrívíddin sköpuð með uppsetningu, röðun eða öðrum hætti. Þá hafa menn gripið til þess að tala um skúlptúr, en erlend heiti slíkra vinnuaðferða merkja hins vegar oftar umhverfisverk, innsetningar, kringumstæður eða rýmisverk; öll þessi heiti hafa verið notuð á íslensku, og eru mun skýrari í málinu en orðið skúlptúr sem hér er valið.

Þessi atriði eru rædd ítarlega til að minna á að hér hefur átt sér stað ákveðið val, bæði hvað varðar markmið og skilgreiningar sem afmarkar síðan þann hóp listamanna sem tekur þátt í sýningunni. Þetta kemur ótvírætt fram í orðum Gunnars B. Kvarans um undirbúning sýningarinnar:

„Ljóst er að þegar sett er upp sýning á samtímalist sem hefur það markmið að draga fram í dagsljósið nýjar hugmyndir og áherslur í höggmyndalist, þar sem athyglinni er sérstaklega beint að nýjum merkingarsviðum skúlptúrsins og nýju hlutverki rýmisins, þá er því ekki að leyna að það er ávallt matsatriði um endanlegt val listamanna, bæði hvað varðar listrænt mat og hvaða listamenn eiga erindi í viðkomandi samhengi."


Og ennfremur, vegna kenninga um að SÚM-hreyfingin hafi markað viss þáttaskil á þessu sviði íslenskrar myndlistar sem öðrum: „Það var því mat okkar að það væri kominn tími til að slíta þessi óformlegu tengsl íslenskrar samtímalistar við SÚM-hreyfinguna og fá tækifæri til að skoða samtímaskúlptúrverk eftir yngri listamann á eigin forsendum."

Slíkt mat breytir hins vegar ekki staðreyndum sögunnar undanfarinn aldarfjórðung; þessi tengsl eru óumdeilanlega fyrir hendi og þau er ekki hægt að slíta með geðþóttaákvörðunum.


Alls eiga tuttugu og níu listamenn verk á sýningunni, þar á meðal ýmsir á fyrstu árum ferils síns. Hér hefur mikið verið lagt í uppsetninguna sem er vel hugsuð og heppnast að flestu leyti ákaflega vel. Frágangur einstakra verka er einnig fágaður og vandaður að öllu leyti og yfir heildarmyndinni ríkir kyrrð og friður, allt að því hátíðleiki, þó stöku listamaður (en allt of fáir) brjóti gegn þeirri ímynd með vott af kímni.

Sé leitast við að flokka það sem fyrir augu ber er mest um innsetningar af einu eða öðru tagi, þar sem samskiptin við sýningargestinn eru þó í lágmarki. Sé litið til efnisþátta verkanna er mest um að þau felist í fundnum hlutum (ready-made), sem eru settir upp í nýju samhengi; fáeinir listamannanna vinna úr hefðbundnari efnum (pappír, tré, málmum) á meðan nokkrir leggja aðaláherslu á að verk þeirra falli inn í umhverfið og verði staðbundinn hluti af því.

Mikilvægi rýmisins er undirstrikað með því að framlag hvers og eins er vel afmarkað með skilveggjum, þannig að í hvert sinn er sem áhorfandinn gangi inn í nýtt afdrep, kapellu, sem er helguð listinni. Í nokkrum tilvikum geta áhorfendur orðið virkur hluti af heildinni (s.s. í verkum Haralds Jónssonar, Ólafs Gíslasonar, Steingríms Eyfjörð, Þorvalds Þorsteinssonar og Finnboga Péturssonar). Í öðrum er líkara því sem þeir standi fyrir altari (og ekki aðeins við verk Halldórs Ásgeirssonar) og mörg verkanna (t.d. Daníels Magnússonar, Ástu Ólafsdóttur, Steinunnar Þórarinsdóttur, Kristins Harðarsonar og Rúrí) eru þá í hlutverki altaristöflunnar. Þannig séð er listin á vissan hátt komin í heilan hring frá SÚM (svo enn sé litið til þeirrar hreyfingar sem öldubrjóts) sem réðst gegn alvöruþunga og helgi listarinnar með fjöri, fjölbreytni og meðvitaðri óvandvirkni og kemur sú uppgötvun á vissan hátt á óvart.



DANÍEL Magnússon: Minnisvarði um Snorra Sturluson.



HALLDÓR Ásgeirsson: Án titils.

Því miður vantar enn veglega sýningarskrá sem átti að fylgja sýningunni úr hlaði (en er væntanleg von bráðar). Í lesmáli hennar er að finna fróðlegar ritgerðir eftir ágæta kunnáttumenn, þar sem mörkuð er leið listarinnar til þess er getur að líta á sýningunni. Í þeim er þó yfirleitt leitast við að nálgast listina í gegnum fræðilegar skilgreiningar listasögunnar, fremur en með því að skoða verkin sjálf; slíkt getur verið varhugavert til lengdar, þar sem með þessu móti verður listin aðeins séð sem afleiðing þeirra kenninga sem fræðileg umfjöllun byggir á en ekki undirstaða þeirra og hvati.

Íslensk höggmyndalist og innsetningar samtímans í víðara samhengi hefði verið við athyglisvert viðfangsefni og gefið mun betri heildarmynd af þessum vettvangi íslenskrar myndlistar en hér fæst. Til þess að svo mætti vera vantar hins vegar of marga þekkta myndhöggvara (og aðra listamenn á sviði innsetninga, sem eru jafnvel innan þeirra aldursmarka sem eru mörkuð af hópnum hér) og nægir að nefna fólk eins og Borghildi Óskarsdóttur, Grétar Reynisson, Helga Gíslason, Ólaf Lárusson, Rögnu Róbertsdóttur, Sverri Ólafsson og Þór Elís Pálsson. Þannig gefur sýningin ekki rétta mynd af stöðu íslenskrar höggmyndalistar í heild á okkar tímum, eins og yfirskriftin gefur tilefni til að ætla, og í því liggja viss vonbrigði.

Engu að síður er hér á ferðinni áhugaverð sýning sem vert er að listunnendur kynni sér vel; við undirbúning hennar var markaður ákveðinn rammi sem gefur síðan allgóða mynd af þessum hluta listalífsins í landinu. Hér kemur fram hluti þess sem ungt listafólk er að fást við og þar með sterk ábending um hvað framtíðin kann að bera í skauti sér í listalífi Íslendinga.

Eiríkur Þorláksson

Sumarbókin er komin!

VERÐBRÉF OG ÁHÆTTA
Hvernig er best að ávaxta peninga?

Í bókabúðum um land allt!

NÝJA BÍLAHÖLLIN FUNAHÖFÐA 1 S: 672277



Toyota Corolla XLi Sedan árg. '93, ek. 19 þ. km., rauður, sjálfsk. Verð kr. 1.190.000 stgr. Bein sala.



Toyota Touring GLi árg. '93, ek. 23 þ. km., rauður, 5 g. Verð kr. 1.600.000 stgr., ath. skipti.



Subaru Legacy 1.8 árg. '90, ek. 51 þ. km., drapplitaður, 5 g. Verð kr. 1.290.000 stgr., ath. skipti.



Daihatsu Applause ZI 4 x 4 árg. '91, ek. 29 þ. km., grár. Verð kr. 980.000 stgr., ath. skipti.



Ford E-350 Club Wagon 7.3 diesel, turbo, 4 x 4 árg. '89, ek. 48 þ. km., blár/grár, Dana 60 a/f, loft læs., 2 millikassar, leður, 38" dekk, spil, þjófavörn. Verð aðeins kr. 3.950.000 stgr., ath. skipti.

BÍLATORG FUNAHÖFÐA 1 S: 683444



Toyota Corolla 1600 XLi árg. '93, sjálfsk., ek. 10 þ. km. Verð kr. 1200 þús.



Nissan Primera 2000 SLX árg. '91, hvítur, ek. 75 þ. km. Verð kr. 1.250.000.



Volvo 740 GL árg. '87, gullsans, sjálfsk., fallegt eintak, ek. 107 þ. km. Verð kr. 990.000.



Nissan Sunny GTi árg. '92, rauður, topplúga, álfelgur, ABS, ek. 52 þ. km. Einn með öllu. Verð kr. 1.100.000.



Jeep Cherokee Laredo árg. '88, blásans, topplúga, álfelgur, upphækkaður, m. öllum aukahlutum, ek. 88 þ. km. Verð kr. 1.580.000.

– VANTAR NÝLEGA BÍLA Á STAÐINN STRAX